

SSNV. Samtök sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra

Kt. 541292-2419. Pósthólf 130. 530 Hvammstangi. Sími: 451 2830. Fax: 451 2605. ssnv@simnet.is

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 125/1311
komudagur 29.3.2000

Hvammstanga 28. mars 2000.

Málefni: Erindi frá Alþingi.


Á fundi stjórnar SSNV sem haldinn var í gær, 27. mars, voru eftirfarandi erindi frá Alþingi tekin til umfjöllunar og eftirfarandi bókun gerð:

1. Erindi frá Alþingi:

- 1.1. Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum, 386.mál. Stjórnin vill í upphafi benda á að mjög margt er til bóta í frumvarpinu frá núverandi lögum.
Lagt er til að eftirfarandi breyting verði gerð.
 2. viðauki, 1. a. hljóði svo:
Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli sem taka til stærra landsvæðis en 100 ha.
 2. viðauki, 1. b. falli niður.
 2. viðauki, 1. d. hljóði svo:
Nýræktun skóga á 1000 ha svæði eða stærra og á friðlýstum svæðum.
 2. viðauki, 1. h. falli niður.
- 1.2. Frumvarp til laga um breytingu á vegalögum, 322. mál. Stjórnin leggur til að Vegagerðin sjái um viðhald girðinaga meðfram stofnbrautum, enda sé lausaganga búfjár bönnuð. Einar Gíslason lýsti sig vanhæfan til að taka þátt í afgreiðslu umsagnarinnar.
- 1.3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, 357. mál. Stjórnin mælir með að frumvarpið verði samþykkt.
- 1.4. Tillaga til þingsályktunar um að efla og samræma aðgerðir til að auka fjölbreytni atvinnulífs í dreifbýli, 358. mál. Stjórnin telur anda tillögunnar jákvæðan.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt


Bjarni Þór Einarsson,
framkvæmdastjóri SSNV.